

24. febrúar 2025

Mættir: Anna Dögg, Konráð, Aldís Ósk, Eyrún, Katrín M, Alla, Elías og Thelma

Umræða:

Elias fór yfir rekstur það sem af er ári. Útgjöld bæjarins eru hækkuð í samræmi við það sem maturinn kostar. Reksturinn kom ágætlega út á síðasta ári. Fórum yfir í vörukaupaliðnum á síðasta ári þar sem keypt var meira að tækjum. Best að sjá hvernig reksturinn er staddur þegar lengra er liðið á árið.

Innra mat:

Farið yfir það innramat sem búið er að fara yfir.

Uppbrotsdagar-

Foreldraspjallið-

Nemendakönnun: Kom allt vel út og það eru flestir glaðir.

Ungmennaráðið:

Stórt þing og nemendum fannst þetta of strangt, hafa mánudaga og föstudaga.

Nemendur þurfa að hringja heim og foreldrar þurfa að sækja þá ef síminn er tekinn í þriðja skiptið. Stjórnendur ætla að fara og kynna línurnar. Símar eiga ekki að vera sýnilegir. Það er erfiðast þegar þarf að bakka til baka.

Hafa súpufundi á milli stiga- til að tengja foreldra saman. Þá í 5. og 8. bekk.

Skólaþingið:

- Farið yfir hvernig fyrirkomulagið,

Klára orðin og skilgreina þau: ábyrgð- virðing- vinsemd

Gera samkeppni um útfærslu á veggspjöldum innan skólans.

Aðrar fundargerðir á glærum

11. nóvember 2024

[Hér er tengill inn á glærur fundarins](#)

1. október 2024 Skólaráðsfundur

Mættir: Eyrún, Konráð, Inda Björk, Aldís Ósk 9. bekk, María 10. bekk, Einar, Elias og Thelma

Eliás býður alla velkomna. Rætt um starfsáætlun Skólaráðsfundir verða á **mánudögum í framtíðinni**. Næsti fundur er 11. nóv, 6. janúar, 24. febrúar, 7. apríl, 19. maí.

Farið yfir mönnun í upphafi skólaárs. Komið yfir 90 starfsmenn við skólann. Sérdeildin komin með nýja deild. Óska frá skólaráði að fá að koma í heimsókn og halda fundinn 11. nóvember í sérdeildinni. Mönnun bara mjög góð og við í góðum málum og kát með starfsfólkið okkar.

Sér stuðningsfulltrúi í íþróttum sem er mikilvægt til þess að koma til móts við íþróttakennslu við skólann.

Frekar grunnskólakennarar að fara í framhaldsskóla heldur en leikskólakennarar að koma í grunnskóla.

Einar nefnir leiðinlegt að umræðan í samfélaginu sé neikvæð. Stefnuleysi áberandi frá stjórnvöldum. Farið í umræðu um heimanám, mismikið og kannski búið að bakka of mikið. Mikill tími fer í agamál í kennslu og á æfingum hjá íþróttafélögum. Þurfum að ala börnin okkar upp í ramma, að þau kunni að verða virkir þjóðfélagsfulltrúar.

Farið yfir umræðu um agamál í samfélaginu.

Gildi skólans: Farið yfir gildin í skólanum. Þau eru of mörg og góð orð. Það sem kom út úr könnum frá nemendum í fyrra er ábyrgð, virðing og vinátta. Farið yfir þessi orð með skólaráðinu. Inda nefnir að það sé skólasamfélagið sem eiga að ræða sig niður á gildi skólans. Það þarf að eyða pening í að auglýsa nýju gildin um allan skóla.

Önnur mál:

- Símafríið: hefur gengið mjög vel.
- Símalausir íþróttatímar sem fimleikafélagið er að fara í.
- Foreldrafélagið ætlar að styrkja með því að kaupa bolta.
- Útisvæðið- Skólinn verður 30 ára næsta haust. Það þarf að leggja pressu á hana. Margt er komið á viðhald. Mikilvægt að foreldrafélagið og skólasamfélagið myndu vinna saman að því að fá úrbætur á skólalóðinni. Hugmyndakassi fyrir öll stig um hvernig útisvæðið á að vera.
- Búið að uppfæra allar öryggismyndavélar.
- Bekkurinn hér fyrir neðan er aðallega notaður af starfsmönnum. Mikið um að nemendur séu að fara út af skólalóðinni í frímínútum, áberandi að þau vita ekki hvar skólalóðin endar.
- Inda nefnir með afgang útskriftarárganga- af hverju afgangur fer í skólann og hinn helmingurinn í góð málefni. Að útskriftarárgangar fái að vita í hvað afgangurinn fer í.